

VIÐAUKI B

Yfirlit yfir sérstakar breytingar á réttindum

Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, samþykktar af stjórn sjóðsins skv. gr. 32.3. í samþykktunum og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. Þann 15.02.2023 samþykkti stjórn sjóðsins breytingar á áföllnum réttindum sjóðfélaga A-deildar. Þessar breytingar eru hluti af innleiðingu nýrra dánar- og eftirlifendataflna sem staðfestar voru af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021 og koma í stað eldri taflna sem byggðu á reynslu árin 2014-2018. Þessar breytingar áunninna réttinda taka ekki til þeirra sjóðfélaga sem njóta bakaábyrgðar ríkissjóðs sbr. bráðabirgðaákvæði XII við lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingin öðlast gildi í samræmi við gildistökuákvæði í 111.5. grein samþykktanna. Breytingin er framkvæmd sbr. grein 32.3. í samþykktunum. Vegna ofangreinds og til samræmis tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins skal endurreikna áunnin réttindi til eftirlauna samkvæmt a. og b. lið hér að neðan.

- a) Reikna skal áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna allra lífeyrisþega, nema barnalífeyrisþega, ásamt skuldbindingum vegna annarra sem hafa náð 65 ára aldri, annarsvegar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og hinsvegar samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Útreikningarnir miða við stöðu sjóðsins þann 31.12.2021. Áunnin réttindi sjóðfélaga samkvæmt hinum nýju dánar- og eftirlifendatöflum eru endurreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar A-deildar vegna þessa hóps verði sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum A-deildar og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Af ofangreindu leiðir að áunnin réttindi sjóðfélaga sem hafa náð 65 ára aldri fyrir 1. janúar 2022, og áunnin réttindi lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega, lækka um 4,1%.
- b) Reikna skal áfallnar skuldbindingar vegna annarra sjóðfélaga en tilgreinir í a-lið þessarar greinar, nema barnalífeyrisþega, annarsvegar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og hinsvegar samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Útreikningarnir miða við stöðu sjóðsins 31.12.2021. Áunnin réttindi sjóðfélaga þann 31.12.2022 eru endurreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar hvers fæðingarárgangs þessa hóps verði sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum A-deildar og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Þannig eru áunnin réttindi hvers fæðingarárgangs umreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar A-deildar vegna hvers fæðingarárgangs halda sér óbreyttar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum. Af þessu leiðir að áunnin réttindi lækka í samræmi við eftirfarandi töflu:

Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting	Fæðingarár	Breyting
2005	-12,7%	1992	-11,7%	1979	-10,1%	1966	-7,6%
2004	-12,6%	1991	-11,6%	1978	-9,9%	1965	-7,4%
2003	-12,6%	1990	-11,5%	1977	-9,8%	1964	-7,1%
2002	-12,5%	1989	-11,4%	1976	-9,6%	1963	-6,8%
2001	-12,4%	1988	-11,2%	1975	-9,5%	1962	-6,6%
2000	-12,3%	1987	-11,1%	1974	-9,3%	1961	-6,3%
1999	-12,3%	1986	-11,0%	1973	-9,1%	1960	-6,0%
1998	-12,2%	1985	-10,9%	1972	-8,9%	1959	-5,7%
1997	-12,1%	1984	-10,8%	1971	-8,7%	1958	-5,4%
1996	-12,0%	1983	-10,7%	1970	-8,5%	1957	-5,0%
1995	-11,9%	1982	-10,5%	1969	-8,3%		
1994	-11,8%	1981	-10,4%	1968	-8,1%		
1993	-11,8%	1980	-10,2%	1967	-7,8%		